



Reykjavík, miðvikudagur 1. apríl 2020

Nefndarsvið Alþingis

Umsögn Hönnunarmiðstöðvar Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (mannvirki), 456. mál.

Hönnunarmiðstöð Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972. Einnig vekur furðu að ekki sé leitað sérstaklega eftir umsögn frá Hönnunarmiðstöð við frumvarp sem varðar svo mikilvægt mál á sviði hönnunar og arkitektúrs. Hönnunarmiðstöð tekur undir umsögn sem Arkitektafélag Íslands hefur sett fram og ítrekar mikilvægi hennar.

Tillögur flutningsmanna bera þess vitni að á Íslandi er almennt ekki borin mikil virðing fyrir hugverka- og höfundarrétti enda lýsa þær verulegu skilningsleysi á höfundarréttarlögum og byggingarlist. Í núgildandi höfundarréttarlögum eru rúmar heimildir í til breytinga á mannvirkjum. Eiganda er heimilt að breyta mannvirki án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess, eða af tæknilegum ástæðum. Það er ágætlega skýrt hvaða skilyrði og takmörk eru á þeim heimildum í núverandi lögum og greinagerð sem lögum fylgja.

Flutningsmenn nefna í tillögu sinni að með þessari lagabreytingu geti eigendur breytt húsum eða byggingum án þess að leita samþykkis. Það er rangt því, allar framkvæmdir við breytingar á húsum eru eftirlitsskyldar og háðar byggingarreglugerðum og þurfa samþykki byggingarfulltrúa. Til þess að mega gera breytingar þarf að leggja fram teikningar frá arkitekt og sérkennilegt að ganga fram hjá höfundi húss eða byggingar sem þekkir verkið best, þegar það stendur til.

Í frumvarpinu segir:

„Þegar mannvirki eru hönnuð á hugverkarétturinn að gilda um hönnunina en ekki um mannvirkið sjálft. Það er hægt að virða þann hugverkarétt án þess að takmarka verulega umráðaheimildir eiganda mannvirkis. Hægt er að varðveita myndir, teikningar og tölvugögn um hönnunina og tryggja að þau glatist ekki.“

Í frumvarpinu er gerður samanburður á notkun tónlistar og byggingarlistar:

„Það er hins vegar ekki þörf á því þegar sú hönnun er nýtt að þá leggist á það tiltekna mannvirki úmsar kvaðir. Ekki er gert að skilyrði þegar tónverk er flutt að aðeins megi flytja það með þeim hljóðfærum sem höfundur þess tilgreinir eða í þeirri tóntegund.“

Í ofangreindum tilvitnunum í frumvarpið felst grundvallar misskilningur á höfundarrétti mannvirkja. Um er að ræða sæmdarrétt á höfundarverki sem verður ekki geymt í skjalasafni sem teikning eða hugmynd að einhverju sem var eða verki sem má endurtaka, sb. tónverk.

Höfundaverkið er byggingin sjálf, sjálfstætt verk og fullfrágengið mannvirki sem stendur í því samhengi sem það var byggt í.

Manngert umhverfi er mikilvægur og mótandi hluti af samfélagi og menningu á hverjum tíma. Skipulag og byggingar varpa ljósi á hugmyndir og gildi kynslóða, byggingarlist bæði mótar og varpar ljósi á fagurfræði, verk- og tæknipækkingu til félagslegra þarfa. Það er full ástæða til að fara mjög varlega í tilslökunum á sæmdarrétti höfunda mannvirkja.

Á Íslandi er fjöldi menntaðra fagmanna á sviði arkitektúrs og byggingarlistar sem hefur þekkingu og reynslu til að leiðbeina fólki í jafn flóknum málum og byggingarlist. Hlutverk laganna er að leiðbeina og móta ramma til að verja menningarleg jafnt og efnahagsleg verðmæti.

Hönnunarmiðstöð telur að, frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 sé alls ekki nægilega vel ígrundað til að vera lagt fram á alþingi Íslendinga, enda geta breytingar sem það getur haft í för með sér kostað óafturkræf spjöll á sameiginlegum menningararfi íslensku þjóðarinnar.

Fh, stjórnar Hönnunarmiðstöðvar Íslands



Halla Helgadóttir
framkvæmdastjóri

Hönnunarmiðstöð Íslands er hreyfiafl og miðja í því að efla og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs. Hönnunarmiðstöð eflir samstarf á milli hönnuða og fyrirtækja og vinnur að því að efla nýsköpun og atvinnulíf framtíðar á Ísland